

Vinnlustöðin hf.
Ársreikningur samstæðu
2021

Vinnlustöðin hf.
Hafnargötu 2
900 Vestmannaeyjum
kt. 700269-3299

Vinnslustöðin hf.

Ársreikningur samstæðu

2021

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-4
Skýrsla stjórnar	5-7
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9-10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Skýringar	12-28
Viðauki I: Stjórnarháttayfirlýsing	29-34
Viðauki II: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	35-37

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2021. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Vinnslustöðinni hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Vinnslustöðinni hf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2021. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun

Hvernig við endurskoðuðum megináherslur

Aflaheimildir

Bókfærðar aflaheimildir nema 130 milljónum evra eða um 49% af efnahagsreikningi samstæðunnar.

Aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnisleg eign með ótakmarkaðan líftíma. Stjórnendur framkvæma virðisrýrnunarpróf árlega og meta hvort endurheimtanlegt virði aflaheimilda sé umfram bókfært verð þeirra á reikningsskiladegi. Í ljósi stærðar reikningsliðar í efnahagsreikningi og matskenndra forsenda virðisrýrnunarpófs stjórnenda teljum við aflaheimildir vera megináherslu við endurskoðun okkar.

Vísun í skýringu 14 um fiskveiðiheimildir og skýringu 27 um reikningsskilaaðferðir.

Við staðfestum tilvist aflahlutdeildar og aflamarks samstæðunnar.

Stjórnendur lögðu fram virðisrýrnunarpróf sem var framkvæmt á aflaheimildum samstæðunnar í árslok 2021. Við ásamt verðmatssérfræðingum okkar fórum yfir aðferðafræði stjórnenda og hvort breytingar hafi orðið á aðferð milli ára. Við skoðun okkar á virðisrýrnunarprófinu höfum við meðal annars yfirfarið helstu forsendur stjórnenda s.s.:

- Áætlanir stjórnenda sem notaðar eru til grundvallar útreikningi virðisrýrnunarprófsins.
- Veginn fjármagnskostnað (WACC) og með hvaða hætti hann er reiknaður og forsendur útreikninganna.

Jafnframt fórum við yfir útreikning virðisrýrnunarprófsins og niðurstöður þess. Við könnuðum einnig hvort skýringar með ársreikningi væru í samræmi við lög um ársreikninga.

Áritun óháðs endurskoðanda

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, stjórnarháttayfirlýsingu og ófjárhagslega upplýsingagjöf. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Vinnslustöðvarinnar hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem staðfestingarvinnu og reikningsskilaráðgjöf. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Vinnslustöðinni hf..

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Vinnslustöðvarinnar hf. á aðalfundi félagsins þann 25.mars.2021. Deloitte hefur verið endurskoðandi Vinnslustöðvarinnar hf. síðan á aðalfundi félagsins árið 1968.

Kópavogur, 22. mars 2022

Deloitte ehf.



Benóni Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Vinnslustöðvarinnar hf. og dótturfélaga, sem eru 12 félög. Í stjórnunarlegum tilgangi er félaginu skipt upp í starfsþættina landvinnslu og útgerð, uppsjársvið og botnfisksvið.

Vinnslustöðin hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem rekur eigið sölu- og markaðsstarf og selur afurðir sínar að nær öllu leyti á erlendum mörkuðum. Það var stofnað árið 1946 og er með fjölbreytilegan rekstur, gerir út þrjú togskip, einn netabát og tvö uppsjárskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfisksverkun, humarvinnslu og frystingu botnfisks og uppsjárvarfisks. Einnig rekur félagið fiskimjölverksmiðju. Í samstæðunni er rekstur verkstæðis og frystigeymslu, löndunarþjónusta, ísframleiðsla skipaafgreiðsla ásamt umboðssölu. Þá rekur félagið fiskvinnslu og söluvyrirtæki í Portúgal. Á árinu keypti Vinnslustöðin útgerðarfélagið Hugin ehf. að fullu en áður átti félagið 48% eignarhlut. Móðurfélag í samstæðunni er Vinnslustöðin hf. og er staðsett í Vestmannaeyjum.

Starfsemin á árinu

	2021	2020
Hagnaður samstæðunnar á árinu samkvæmt rekstrarreikningi	15.130.981	5.355.289
Eignir samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu	268.935.303	214.709.366
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam	79.226.436	67.223.575
Eiginfjárhlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt	29,5%	31,3%
Fjöldi ársverka á árinu nam	348	349

Hækkun rekstrartekna og rekstrarhagnaðar á árinu má rekja að mestu leyti til loðnuveiða og vinnslu, en árið áður voru engar aflaheimildir útgefnar í loðnu. Auk þess gekk rekstur félagsins vel, þ.m.t. sala afurða, og afurðaverð hækkuðu í mörgum fisktegundum. Veltufjármunir jukust milli ára sem stafaði af hærri viðskiptakröfum og handbæru fé. Efnahagur var talsvert stærrí en árið áður vegna kaupa á Hugin ehf. og fjárfestingar ársins voru að sömu ástæðu talsvert hærri en árið áður.

Helstu óvissuþættir sem félagið stendur frammi fyrir felast í ástandi fiskistofna við strendur Íslands, göngumynstur og ákvarðanir stjórnvalda við stýringu fiskveiðistjórnarkerfisins. Ástand markaða og hætta á lokunum viðskiptasvæða eru einnig óvissuþættir sem huga þarf að. Félagið hefur lengi vel leitast við að dreifa áhættu með fjölbreytni í samsetningu aflaheimilda og rekstri félagsins til að mæta þessari óvissu. Vegna ástandsins sem nú ríkir í Austur Evrópu stendur félagið frammi fyrir óvissu í sölumálum á því markaðssvæði ásamt því að aðfangakeðja getur raskast. Ólíuverð hafa farið hækkandi sem er stór útgjaldaliður félagsins og aðföng til reksturs líkt og bretti og stál getur tafist við afhendingu. Ljóst er að þetta ástand getur haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Orkumál á Íslandi snerta starfsemi félagsins og hefur ástand þeirra valdið félaginu auknum kostnaði og tafið framfarir og aðgerðir í loftlagsmálum. Áskoranir í netöryggismálum er miklar líkt og hjá öðrum félögum en reynt hefur verið eftir mesta megni að koma í veg fyrir tjón sem af netglæpum getur hlotist í samstarfi við sérfræðinga. Mannauður er hverju félagi mikilvægasta auðlindin. Vinnslustöðin hefur búið yfir sterkum fjölbreyttum hópi starfsfólks sem endurspeglar fjölbreytta starfsemi. Misjafnt er hversu vel hefur gengið að manna hin ýmsu störf og að nokkru leyti hefur félagið þurft að leita út fyrir landsteinana til að manna störf, sérstaklega innan fiskvinnsluhlutans. Önnur störf hafa verið eftirsóttari, en aukning hefur orðið á störfum innan félagsins sem krefjast sérþekkingar og menntunar. Þrátt fyrir miklar áskoranir félagsins í ýmsum málum hér nefndum þá nýtur félagið á móti góðs af því að starfa í matvælaíðnaði með heilnæmar afurðir sem þörf er á í heiminum.

Áhrif Covid-19 á rekstur samstæðunnar

Líkt og árið áður hefur heimsfaraldur Covid-19 haft áhrif á rekstur samstæðunnar. Stjórnendur og starfsmenn félagsins hafa unnið markvisst að því að upplýsa, fræða og hlúa að starfsfólki félagsins á þessum óvissutímum. Fylgst hefur verið grannt með þróun mála í faraldrinum og brugðist við með aðgerðum. Lögð var áhersla á að verja starfsfólk fyrir smiti meðal annars með áherslu á varkárni vegna hugsanlegra einkenna, aðskilnað starfsstöðva, hreinlæti, takmörkun á aðgengi að starfsstöðum og fleiri aðgerðum. Þessar aðgerðir útheimtu talsverðan kostnað á árinu.

Áhrifa faraldursins gætti á mörgum mörkuðum afurða félagsins en strax í upphafi hans beindu stjórnendur fiskvinnslu í áttir að öruggari leiðum þar sem því var viðkomið. Skert starfsemi veitingahúsa í viðskiptalöndum hefur haft áhrif á verðmyndun afurða þar sem neysla beindist til að mynda í auknu mæli inn á stórmarkaði. Sú þróun hefur hægt og bítandi verið að snúast til baka í fyrra horf. Flutningaleiðir afurða hafa raskast lítilsháttar en þó ekki þannig að mikil áhrif hafði. Stjórnendur fylgjast vel með gangi mála en félagið er sterkt og vel í stakk búið til að takast á við breytta aðstæður.

Skýrsla stjórnar

Hluthafar

Í lok ársins voru 230 hluthafar í félaginu en þeir voru 232 í upphafi árs:

	Hlutdeild 2020	Hlutdeild 2021	Hlutir í árslok
Seil ehf.	41,3%	42,8%	7.608.697
FISK-Seafood fjárfesting ehf.	32,9%	32,9%	5.843.007
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja.....	5,6%	5,6%	1.002.561
Kristín Elín Gísladóttir.....	3,3%	3,3%	591.926
Elínborg Jónsdóttir.....	2,5%	2,5%	436.887
Selma Jóhannsdóttir.....	2,3%	2,3%	401.433
Haraldur Sveinbjörn Gíslason.....	1,6%	1,6%	291.789
Eyjólfur Guðjónsson.....	1,6%	1,6%	277.174
Ellý Rannveig Gunnlaugsdóttir.....	1,5%	1,5%	274.172
Gymir ehf.....	1,5%	0,7%	130.305
Aðrir.....	5,9%	5,1%	913.203
Samtals.....	100%	100%	17.771.155

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að allt að 6.000.000 evrur verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2022, sem er í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins, en vísar að öðru leyti í samstæðuársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Eigin hlutir

Félagið á eigin hluti að nafnvirði 3.843 evrur í árslok. Engir eigin hlutir voru keyptir eða seldir á árinu.

Stjórnunarhættir

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf og fleira. Á árinu 2021 skipaði stjórn endurskoðunarnefnd, sem á í samskiptum við stjórnendur og endurskoðendur félagsins. Stjórn Vinnslustöðvarinnar leitast við að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Félagið hefur þó ekki skipað tilnefningarnefnd eða starfskjaranefnd. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra. Í stjórn félagsins sitja þrjú karlmenn og tvær konur. Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. uppfyllir því skilyrði 63. gr. laga um hlutafélög um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega sjö dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Umfjöllun um ófjárhagslega upplýsingagjöf er í viðauka við ársreikning félagsins.

Skýrsla stjórnar

Atburðir eftir reikningsskiladag

Í febrúar 2022 keypti VSV Germany GmbH, dótturfélag Vinnslustöðvarinnar, 100% hlutafjár í fiskvinnslu og sölufyrirtæki í Þýskalandi að nafni Rheinland. Kaupin munu styrkja félagið og auka möguleika á fjölbreytni í sölu á afurðum á því markaðssvæði. Yfirstandandi innrás Rússa í Úkraínu mun hafa áhrif inn í rekstur samstæðu Vinnslustöðvarinnar. Hluti uppsjávarafurða félagsins er seldur til Úkraínu og annarra nágrannalanda Rússlands. Undanfarin ár hafa um 3% afurða félagsins verið seld til Úkraínu. Ekki er ljóst enn hver áhrifin verða en gera má ráð fyrir að hægjast muni á sölu að þessu leyti og leita þurfi jafnvel inn á aðra markaði með uppsjávarafurðir. Einnig gæti orðið röskun á aðfangakeðju félagsins til reksturs vegna viðskiptabanns Rússlands. Félagið á engar útistandandi kröfur í rússneskumælandi löndum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Vestmannaeyjar, 22. mars 2022

Í stjórn



Guðmundur Örn Gunnarsson
stjórnarformaður



Einar Þór Sverrisson
varaformaður



Sigurjón Rúnar Rafnsson



Guðmunda Aslaug Bjarnadóttir



Rut Haraldsdóttir

Framkvæmdastjóri



Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Rekstrarreikningur 2021

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		Árið 2021	Árið 2020	Árið 2021	Árið 2020
Rekstrartekjur	5	134.712.380	75.710.268	93.507.587	64.824.112
Kostnaðarverð seldra vara		(61.481.184)	(31.821.057)	(44.302.209)	(31.729.653)
Framlegð		<u>73.231.196</u>	<u>43.889.211</u>	<u>49.205.378</u>	<u>33.094.459</u>
Aðrar tekjur		2.325.841	2.376.607	2.339.009	2.390.525
Veiðigjald	6	(2.405.291)	(1.152.393)	(2.107.445)	(1.152.393)
Laun og annar starfsmannakostnaður	7	(37.302.039)	(27.436.138)	(24.749.500)	(20.965.917)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(2.684.074)	(1.334.818)	(1.741.998)	(795.805)
Annar rekstrarkostnaður		(1.020.545)	(1.488.304)	0	0
Afskriftir	9	(6.796.654)	(6.029.651)	(5.278.973)	(4.808.871)
Rekstrarhagnaður		<u>25.348.434</u>	<u>8.824.515</u>	<u>17.666.471</u>	<u>7.761.998</u>
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	15	109.650	1.842.564	6.270.267	1.610.145
Fjármunatekjur		1.763.593	158.583	379.165	509.718
Fjármagnsgjöld		(5.212.736)	(4.720.723)	(5.060.748)	(4.520.694)
Gengismunur og framvirkir samningar		(2.873.202)	405.635	(2.571.125)	445.182
	10	<u>(6.212.695)</u>	<u>(2.313.941)</u>	<u>(982.441)</u>	<u>(1.955.649)</u>
Hagnaður fyrir skatta		<u>19.135.739</u>	<u>6.510.574</u>	<u>16.684.030</u>	<u>5.806.349</u>
Tekjuskattur	11	(4.004.758)	(1.155.285)	(2.179.810)	(741.696)
Hagnaður ársins		<u><u>15.130.981</u></u>	<u><u>5.355.289</u></u>	<u><u>14.504.220</u></u>	<u><u>5.064.653</u></u>
Hagnaður ársins sem tilheyrir:					
Eigendum móðurfélagsins		14.504.220	5.064.653		
Hlutdeild minnihluta		626.761	290.636		
		<u><u>15.130.981</u></u>	<u><u>5.355.289</u></u>		

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	76.276.522	73.409.928	56.017.918	59.366.794
Fiskveiðiheimildir	14	130.435.837	90.266.414	90.266.414	90.266.414
Viðskiptavild	12	2.591.611	1.880.102	0	0
Eignarhlutar í dótturfélögum	15	0	0	66.640.672	12.123.038
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	16	1.170.501	11.628.145	1.170.501	11.628.145
Verðbréf	17	1.692.103	397.150	213.673	207.269
Langtímakröfur á tengda aðila	22	314.006	431.407	9.436.505	7.638.325
		<u>212.480.581</u>	<u>178.013.146</u>	<u>223.745.683</u>	<u>181.229.985</u>
Veltufjármunir					
Vörubirgðir	18	19.636.704	21.813.033	12.242.328	11.684.360
Viðskiptakröfur		18.038.215	8.861.751	4.990.337	372.026
Kröfur á tengd félög	22	776.577	741.807	4.185.063	6.981.678
Fyrirframgreiddur kostnaður		603.806	557.521	468.909	402.052
Aðrar skammtímakröfur		1.834.706	1.089.132	1.600.326	880.191
Handbært fé		15.564.712	3.632.975	10.199.841	942.663
		<u>56.454.721</u>	<u>36.696.219</u>	<u>33.686.804</u>	<u>21.262.970</u>
Eignir		<u>268.935.303</u>	<u>214.709.366</u>	<u>257.432.487</u>	<u>202.492.955</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Eigið fé					
Hlutfé		17.767.311	17.767.311	17.767.311	17.767.311
Yfirverðsreikningur hlutfjár		6.713.951	6.713.951	6.713.951	6.713.951
Lögbundinn varasjóður		4.442.789	4.442.789	4.442.789	4.442.789
Þýðingarmunur		2.224.675	127.910	2.224.675	127.910
Bundið eigið fé		15.685.766	12.146.139	15.685.766	12.146.139
Óráðstafað eigið fé		31.421.120	25.456.530	31.421.120	25.456.530
Eigið fé meirihluta eigenda		<u>78.255.612</u>	<u>66.654.630</u>	<u>78.255.612</u>	<u>66.654.630</u>
Hlutdeild minnihluta		970.824	568.945	0	0
Eigið fé	19	<u>79.226.436</u>	<u>67.223.575</u>	<u>78.255.612</u>	<u>66.654.630</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir	20	137.770.453	97.314.899	128.010.022	92.468.272
Skuldir við tengd félög		0	0	13.094.593	948.218
Tekjuskattsskuldbinding	21	26.603.886	19.262.043	18.318.623	18.675.870
		<u>164.374.339</u>	<u>116.576.942</u>	<u>159.423.238</u>	<u>112.092.360</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		6.999.726	4.174.309	4.926.890	2.040.188
Skuldir við lánastofnanir		0	13.714.559	0	11.276.829
Næsta árs afborganir langtímaskulda	20	7.469.745	7.253.841	5.682.000	6.039.000
Ógreiddir reiknaðir skattar	21	3.994.967	801.990	2.417.840	350.558
Skuldir við tengd félög	22	48.832	5.386	3.668.965	478.582
Fyrirframinnheimtar tekjur		1.929.194	0	0	0
Ógreitt kaupverð Grupeixe - næsta árs afb.		0	1.000.000	0	750.000
Aðrar skammtímaskuldir		4.892.066	3.958.764	3.057.942	2.810.808
		<u>25.334.531</u>	<u>30.908.849</u>	<u>19.753.637</u>	<u>23.745.965</u>
Skuldir		<u>189.708.870</u>	<u>147.485.791</u>	<u>179.176.875</u>	<u>135.838.325</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>268.935.303</u></u>	<u><u>214.709.366</u></u>	<u><u>257.432.487</u></u>	<u><u>202.492.955</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
	2021 Árið	2020 Árið	2021 Árið	2020 Árið
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarhagnaður	25.348.434	8.824.515	17.666.471	7.761.998
Afskriftir fastafjármuna 9	6.796.654	6.029.651	5.278.973	4.808.871
Söluhagnaður fastafjármuna	(26.035)	(7.032)	(10.706)	(2.709)
Söluhagnaður áhættufjármuna	(52.500)	0	(52.500)	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	32.066.553	14.847.134	22.882.238	12.568.160
Vörubirgðir lækkun/(hækkun)	4.320.416	(6.236.114)	(300.255)	(1.954.513)
Aðrar rekstrart. eignir (hækkun) lækkun	(5.842.018)	(2.880.931)	(2.406.466)	4.325.786
Rekstrartengdar skuldir hækkun	5.873.201	4.323.470	6.167.879	159.416
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	36.418.152	10.053.559	26.343.396	15.098.849
Innborgaðir vextir og arður	1.913.497	511.376	355.292	492.797
Greiddir vextir	(4.971.604)	(4.685.917)	(4.637.084)	(4.453.150)
Greiddur tekjuskattur	(2.198.172)	(1.052.576)	(469.775)	(651.122)
Handbært fé frá rekstri	31.161.873	4.826.442	21.591.828	10.487.374
Fjárfestingahreyfingar				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir 13	(5.104.297)	(5.502.618)	(1.919.392)	(4.470.263)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir 13	326.116	12.296	0	0
Fjárfest í dóttur- og hlutdeildarfélögum 15	(38.445.458)	(750.000)	(38.445.458)	(750.000)
Arður frá hlutdeildarfélögum 16	0	1.687.110	1.800.000	1.687.110
Seld markaðsverðbréf 17	7.510.409	315.494	0	315.494
Breyting á skuldab.eign við tengd félög	(1.118.175)	503.540	(1.118.176)	503.540
	(36.831.406)	(3.734.178)	(39.683.026)	(2.714.119)
Fjármögnunarahreyfingar				
Greiddur arður 19	(5.500.000)	(5.000.000)	(5.000.000)	(5.000.000)
Nýjar langtímaskuldir 20	38.641.817	5.695.398	38.134.307	0
Afborganir langtímaskulda 20	(6.555.887)	(6.085.704)	(6.104.725)	(6.085.704)
(Lækkun)/hækkun á skuld við lánastofnanir	(14.270.335)	1.770.818	(11.276.829)	3.375.796
Innborgað hlutafe	677.507	0	0	0
Hækkun á langt.skuldum við tengd félög	0	0	11.354.744	0
	12.993.103	(3.619.488)	27.107.497	(7.709.908)
Hækkun handbærs fjár	7.323.570	(2.527.224)	9.016.299	63.347
Handbært fé í upphafi árs	3.632.975	6.399.940	942.663	1.066.167
Yfirfært vegna kaupa á dótturfélagi 23	4.200.905	2.646	0	2.646
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	230.180	(29.024)	240.880	0
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga	177.082	(213.363)	0	(189.495)
Handbært fé í lok árs 15	15.564.712	3.632.975	10.199.841	942.663

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ársreikningur samstæðu Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikning félagsins, dótturfélaga þess og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Vinnslustöðin hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem rekur eigið sölu- og markaðsstarf. Það var stofnað árið 1946 og er með fjölbreytilegan rekstur, gerir út þrjú togskip, einn netabát og tvö uppsjárarskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfisksverkun, humarvinnslu og frystingu botnfisks og uppsjárarfisks. Einnig rekur félagið fiskimjölsverksmiðju. Í samstæðunni er rekstur verkstæðis og frystigeymslu, löndunarþjónusta, ísframleiðsla, skipaafgreiðsla ásamt umboðssölu. Á árinu keypti Vinnslustöðin útgerðarfélagið Huginn ehf. að fullu sem á uppsjárvarfrystiskipið Huginn Ve, en áður átti Vinnslustöðin 48% í félaginu. Þá rekur félagið fiskvinnslu og söluþjónustu í Portúgal. Móðurfélag í samstæðunni er Vinnslustöðin hf. og er staðsett í Vestmannaeyjum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnar eignir og fjármálagerningar eru færðir á endurmetnu virði eða gangvirði. Samstæðuársreikningurinn er gerður í evrum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá því sem móðurfélagið öðlast yfirráð eða missir yfirráð eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Skýringar

5. Rekstrartekjur

I stjórnunarlegum tilgangi er rekstri samstæðunnar skipt í landvinnslu og útgerð. Annar rekstur samstæðunnar er það lítil að umfangi að honum er ekki skipt upp.

	Landvinnsla	Útgerð	Vörusala	Eigin afli	Samtals
Rekstrartekjur ársins 2021	109.213.028	52.838.734	1.519.924	(28.859.306)	134.712.380
Rekstrartekjur ársins 2020	60.716.312	35.574.778	3.183.143	(23.763.965)	75.710.268

Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig eftir gjaldmiðlum :

	2021	Hlutfall	2020	Hlutfall
Evra (EUR)	55.003.021	40,8%	31.061.450	41,0%
Bandaríkjadalur (USD)	50.345.396	37,4%	22.631.519	29,9%
Norsk króna (NOK)	14.182.129	10,5%	7.970.921	10,5%
Íslensk króna (ISK)	4.800.262	3,6%	7.158.547	9,5%
Japanskt jen (JPY)	6.040.890	4,5%	2.951.080	3,9%
Sterlingspund (GBP)	3.066.001	2,3%	2.775.357	3,7%
Sænsk króna (SEK)	653.309	0,5%	510.094	0,7%
Kanadadalur (CAD)	621.372	0,5%	651.299	0,9%
	<u>134.712.380</u>		<u>75.710.267</u>	

6. Veidigjald

Félagið gjaldfærði 356 milljónir króna í veidigjald vegna rekstrarársins 2021. Skuld vegna veidigjaldsins sem færð er í ársreikninginn á meðal annarra skammtímaskulda er vegna ógreiddra veidigjalda í nóvember og desember.

Samtals botnfiskur og uppsjávarfiskur:	ISK	EUR
Rekstrarárið 2021.....	355.949.393	2.405.291
Rekstrarárið 2020.....	180.104.583	1.152.393
Rekstrarárið 2019.....	263.216.484	1.933.234
Botnfiskur:		
Rekstrarárið 2021.....	224.964.979	1.520.178
Rekstrarárið 2020.....	138.998.385	889.376
Rekstrarárið 2019.....	194.245.371	1.426.665
Uppsjávarfiskur:		
Rekstrarárið 2021.....	130.984.414	885.114
Rekstrarárið 2020.....	41.106.198	263.017
Rekstrarárið 2019.....	68.971.113	506.569

Félagið veiddi 8.221 tonn af loðnu fiskveiðiárið 2020/2021 en á fiskveiðiarinu 2019/2020 veiddi félagið enga loðnu.

Skýringar

7. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2021	2020
Laun	29.959.458	22.140.823
Lífeyrissjóður	3.282.831	2.467.525
Önnur launatengd gjöld	2.985.245	2.237.358
Annar starfsmannakostnaður	1.074.504	590.433
	<u>37.302.039</u>	<u>27.436.138</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	348	349

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra á árinu námu 237 þús. evrum, (2020: 227,9 þús. evrum) og laun og hlunnindi framkvæmdaráðs og stjórnarmanna námu 561 þús. evrum (2020: 517 þús. evrum).

8. Þóknun til endurskoðanda

	2021	2020
Endurskoðun ársreiknings	163.542	125.529
Önnur þjónusta	39.394	27.589
	<u>202.936</u>	<u>153.118</u>

9. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2021	2020
Afskriftir fastafjármuna	6.568.108	5.786.476
Afskriftir viðskiptavildar og óefnislegra eigna	228.546	243.175
	<u>6.796.654</u>	<u>6.029.651</u>

Skýringar

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	10.881	21.249
Sóluhagnaður hlutabréfa	1.745.236	0
Arður af hlutabréfaeign	14.833	5.949
Verðbreytingar markaðsverðbréfa	0	112.805
Vaxtatekjur frá tengdum félögum	16.541	0
Verðbætur af langtímakröfum	(37.997)	0
Aðrar vaxtatekjur	14.099	18.580
	<u>1.763.593</u>	<u>158.583</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	4.563.268	3.939.543
Lántökukostnaður	300.895	165.325
Þinglýsingar	0	21
Önnur vaxtagjöld	348.573	615.835
	<u>5.212.736</u>	<u>4.720.723</u>
Gengismunur og framvirkir samningar greinast þannig:		
Gengismunur	2.877.013	(748.361)
Framvirkir samningar (vaxtaskiptasamningar)	(3.811)	342.726
	<u>2.873.202</u>	<u>(405.635)</u>
	<u>9.849.531</u>	<u>4.156.505</u>

11. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 4.004 þúsundum evra (2020: 1.155 þúsundum evra). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2022 nemur 3.995 þúsundum evra (2021: 802 þúsundum evra).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2021		2020	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	19.135.739		6.510.574	
Skatthlutfall	3.827.148	20,0%	1.302.115	20,0%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	(21.930)	-0,1%	(368.513)	-5,7%
Aðrir liðir	199.540	1,0%	221.683	3,4%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarr.	<u>4.004.758</u>	20,9%	<u>1.155.285</u>	17,7%

12. Viðskiptavild

	2021	2020
Bókfært verð í ársbyrjun	1.880.102	2.123.277
Eignfært á árinu	1.032.561	0
Afskrifað á árinu	(321.052)	(243.175)
Bókfært verð í árslok	<u>2.591.611</u>	<u>1.880.102</u>
Afskriftarhlutföll		10%

13. Varanlegir rekstrarfjármunir

Árið 2021 greinist þannig:	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Vélar, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2021	52.899.999	40.182.746	42.819.975	135.902.720
Ný dótturfélög	511.979	29.748.840	104.818	30.365.637
Þýðingarmunur	353.718	197.674	172.016	723.408
Eignfært á árinu	1.412.780	581.331	2.121.865	4.115.976
Selt og aflagt á árinu	(425.793)		(117.213)	(543.006)
Staða 31.12.2021	54.752.683	70.710.591	45.101.461	170.564.735

Afskriftir				
Staða 1.1.2021	16.138.809	16.473.789	29.880.193	62.492.791
Ný dótturfélög	96.608	25.154.442	75.647	25.326.697
Afskrift ársins	1.695.389	1.901.296	2.971.423	6.568.108
Selt og aflagt á árinu			(99.384)	(99.384)
Staða 31.12.2021	17.930.806	43.529.527	32.827.879	94.288.212

Bókfært verð				
Staða 1.1.2021	36.761.190	23.708.957	12.939.782	73.409.928
Staða 31.12.2021	36.821.877	27.181.064	12.273.582	76.276.522

Afskriftarhlutföll

0-6% 6% 15-20%

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok 2021:

Váttryggingamat

Fasteignir og lóðir	62.871.646
Fiskiskip og fylgihlutir	68.140.076
Vélar og framleiðslutæki	48.905.978

Fasteignamat á fasteignum og lóðum í eigu samstæðunnar er 18,4 milljón evrur. Fjárhæð rekstrarstöðvunartrygginga samstæðunnar er 13 milljón evrur.

Árið 2020 greinist þannig:	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Vélar, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2020	51.439.757	39.596.147	41.092.706	132.128.610
Þýðingarmunur	(1.365.564)	0	(259.740)	(1.625.304)
Yfirfærsla vegna samruna	181.746	0	0	181.746
Eignfært á árinu	2.644.060	586.599	2.160.192	5.390.851
Selt og aflagt á árinu	0	0	(173.183)	(173.183)
Staða 31.12.2020	52.899.999	40.182.746	42.819.975	135.902.720

Afskriftir				
Staða 1.1.2020	14.654.961	14.816.791	27.283.642	56.755.394
Yfirfærsla vegna samruna	58.124	0	0	58.124
Afskrift ársins	1.425.724	1.656.998	2.703.754	5.786.476
Selt og aflagt á árinu	0	0	(107.203)	(107.203)
Staða 31.12.2020	16.138.809	16.473.789	29.880.193	62.492.791

Bókfært verð				
Staða 1.1.2020	36.784.796	24.779.356	13.809.064	75.373.216
Staða 31.12.2020	36.761.190	23.708.957	12.939.782	73.409.928

Afskriftarhlutföll

0-6% 6% 15-20%

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok 2020:

Váttryggingamat

Fasteignir og lóðir	56.167.303
Fiskiskip og fylgihlutir	42.539.297
Vélar og framleiðslutæki	36.700.822

Fasteignamat á fasteignum og lóðum í eigu samstæðunnar er 16 milljón evrur. Fjárhæð rekstrarstöðvunartryggingar samstæðunnar er 22 milljón evrur.

14. Fiskveiðiheimildir

	31.12.2021	31.12.2020
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	99.239.803	99.239.803
Keypt dótturfélag á árinu - Huginn	40.169.423	0
Staða í árslok	139.409.226	99.239.803
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	8.973.389	8.973.389
Staða í árslok	8.973.389	8.973.389
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	90.266.414	90.266.414
Bókfært verð í árslok	130.435.837	90.266.414
Afskriftarhlutföll	0%	0%

Aflaheimildir er prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar árlega eða oftar ef vísbending um virðisrýrnun er til staðar.

Úthlutaðar veiðiheimildir til fiskiskipa félagsins á fiskveiðiárinu frá 1.9.2021 til 31.8.2022 eru eftirfarandi, auk stöðu aflamarks tegunda í árslok:

	Aflahlutdeild í prósentum 31.12.2021	Aflamark 1.9.2021 í tonnum	Aflamark í þorskígildis í tonnum	Staða aflamarks 31.12.2021 í tonnum
Veiðiheimildir í botnfiski				
Þorskur.....	3,0314%	5.360	5.360	4.933
Ýsa.....	4,7753%	1.780	1.602	1.241
Ufsi.....	6,8119%	5.194	2.857	4.456
Gullkarfi	7,4491%	2.365	1.584	1.976
Djúpkarfi	7,8732%	591	449	220
Langa.....	7,3472%	219	120	95
Blálanga.....	2,7479%	8	4	0
Keila.....	1,4259%	21	6	14
Steinbítur.....	1,1973%	100	51	53
Hlýri	0,7444%	3	2	2
Skötuselur.....	16,4970%	65	102	29
Gullax.....	0,5235%	52	15	23
Grálúða.....	2,9877%	458	938	546
Skarkoli.....	5,3919%	401	381	359
Þykkvalúra.....	6,1394%	75	91	70
Langlúra.....	4,2500%	39	26	40
Sandkoli.....	4,2736%	12	4	12
Skráþflúra.....	3,9713%	1	0	1
Litli karfi.....	0,4764%	3	1	3
		16.748	13.594	14.073
Aðrar veiðiheimildir				
Humar.....	18,6632%	1	2	1
Úthafsækja.....	0,3141%	17	15	17
Rækja við snæfellsnes	0,3141%	0	0	0
Síld.....	12,2000%	10.093	1.615	722
Loðna.....	12,3287%	0	0	69.061
Norsk-íslensk síld.....	11,4648%	12.960	2.074	238
Kolmunni.....	7,9015%	10.906	872	215
Makrill.....	15,7538%	19.650	5.109	3.111
		53.627	9.687	73.365
Veiðiheimildir samtals.....		70.374	23.281	87.437

15. Eignarhlutar í dótturfélögum

Samstæðureikningsskil Vinnlustöðvarinnar hf. taka til eftirfarandi dótturfélaga:

	Nafnverð	Megin starfsemi
VSV Seafood Iceland ehf.	37.670	Sala, dreifing og þjónusta
VSV Germany GmbH.....	200.000	Sala, dreifing og þjónusta
VSV Netherland BV	100.000	Sala, dreifing og þjónusta
VSV France SAS.....	100.000	Sala, dreifing og þjónusta
VSV Portugal LDA.....	50.000	Sala, dreifing og þjónusta
VSV Japan GK.....	156.012	Sala, dreifing og þjónusta
Huginn ehf.	47.303	Útgerð
Hafnareyri ehf.	63.270	Þjónusta við sjávarútveg
Grupeixe SA.....	1.137.720	Matvælaframleiðsla
Marhólmar ehf.	189.801	Matvælaframleiðsla
About Fish ehf.	191.489	Eignarhaldsfélag
Kap ehf.	130.000	Eignarhaldsfélag

Dótturfélag Marhólma ehf. er finnska félagið Marholmar OY. Dótturfélag Kap ehf. er rússneska félagið VSV Eastern Europe.

	Eignarhlutur		Móðurfélag Bókfært verð eignarhlutar	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
VSV Seafood Iceland ehf.	100%	100%	2.727.570	2.515.895
VSV Germany GmbH.....	100%	100%	751.782	383.759
VSV Netherland BV	100%	100%	1.092.234	1.083.007
VSV France SAS.....	100%	100%	534.122	479.463
VSV Portugal LDA.....	100%	100%	1.023.326	450.823
VSV Japan GK.....	95%	95%	488.421	264.650
Huginn ehf. *.....	100%		51.461.283	0
Hafnareyri ehf.	100%	100%	2.853.827	2.731.181
Grupexie SA	95%	100%	3.000.675	2.545.962
Marhólmar ehf.	75%	75%	2.120.277	1.668.298
About Fish ehf.	98%	98%	0	0
Kap ehf.	100%	100%	67.090	0
Hólmasker ehf.	75%	0%	520.065	0
			<u>66.640.672</u>	<u>12.123.038</u>

Breyting eignarhluta í dótturfélögum greinist þannig:

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	12.123.038	28.424.449
Uppfærð hlutdeild í afkomu fyrra árs	104.495	(80.856)
Huginn fært úr hlutdeildarfélagum í dótturfélög *	10.676.012	0
Keypt á árinu	37.500.961	0
Selt á árinu	(202.500)	0
Þýðingarmunur	2.037.404	(373.568)
Yfirfærsla vegna samruna**	0	(15.620.168)
Óinnleystur hagnaður í birgðum hjá dótturfélagi	285.348	(513.196)
Afskrift af yfirverði	(225.922)	(225.145)
Arðgreiðslur	(1.800.000)	
Hlutdeild í afkomu	<u>6.141.836</u>	<u>511.522</u>
Staða í árslok	<u>66.640.672</u>	<u>12.123.038</u>

100% afkoma og eigið fé dótturfélaga greinist þannig:

	Afkoma 2021	2020	Eigið fé 31.12.2021	31.12.2020
VSV Seafood Iceland ehf.	511.675	290.416	2.727.570	2.515.896
VSV Germany GmbH	375.553	53.105	751.782	383.760
VSV Netherlands BV	9.227	8.359	1.092.234	1.083.007
VSV France SAS.....	83.299	9.337	534.123	450.823
VSV Portugal LDA.....	486.315	(134.202)	1.023.326	479.463
VSV Japan GK.....	247.182	21.643	516.768	278.544
Huginn ehf. *.....	1.902.941	0	26.095.839	0
Hafnareyri ehf.	4.715	(12.823)	2.583.180	2.437.951
Grupeixe SA	726.092	(789.186)	2.100.777	1.297.353
Marhólmar ehf.	2.460.685	1.105.586	2.632.462	2.171.775
About Fish ehf.	(470)	(683)	(15.293)	(14.008)
Kap ehf.	90.574	43.986	67.090	(14.080)
	<u>6.897.788</u>	<u>595.538</u>	<u>40.109.858</u>	<u>11.070.484</u>

**Sjá skýringu nr.23

Skýringar

16. Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum:

	Nafnverð	Megin starfsemi
Langa ehf.	138.375	Fiskvinnsla
Rannsóknarþjónusta Vestmanneyja ehf.	9.241	Rannsóknarþjónusta
Lifrarsamlag Vestmannaeyja ehf.	235.394	Eignarhaldsfélag

Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum:

	Eignarhlutur		Bókfært verð eignarhlutar	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Huginn ehf. *		48,0%	0	10.676.012
Langa ehf.	31,0%	31,0%	868.262	809.605
Rannsóknarþjónusta Vestmanneyja ehf.	40,7%	40,7%	65.273	61.719
Lifrarsamlag Vestmannaeyja ehf.	45,6%	45,6%	236.966	80.809
			<u>1.170.501</u>	<u>11.628.145</u>

Breyting eignarhluta í hlutdeildarfélagum greinist þannig:

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	11.628.145	12.535.709
Huginn fært úr hlutdeildarfélagum í dótturfélag *	(10.676.012)	0
Uppfærð hlutdeild í afkomu fyrra árs	0	(7.723)
Yfirfærsla vegna samruna	0	18.315
Fjárfest á árinu	194.498	0
Arðgreiðslur	0	(1.687.110)
Þýðingarmunur	59.662	(1.156.590)
Afskrift af yfirverði	(6.223)	(6.223)
Hlutdeild í afkomu	(29.569)	1.931.767
Staða í árslok	<u>1.170.501</u>	<u>11.628.145</u>

100% afkoma og eigið fé hlutdeildarféлага greinist þannig:

	Afkoma 2021	2020	Eigið fé 31.12.2021	31.12.2020
Huginn ehf. *	0	3.762.986	0	22.246.583
Langa ehf.	(95.333)	386.293	2.558.417	2.369.307
Rannsóknarþjónusta Vestmanneyja ehf.	0	0	174.763	174.763
Lifrarsamlag Vestmannaeyja ehf.	0	5.717	177.234	177.234
	<u>(95.333)</u>	<u>4.154.996</u>	<u>2.910.414</u>	<u>24.967.887</u>

17. Verðbréf

	Markaðs- verðbréf	Fjárfestingar- verðbréf	Samtals
Staða í ársbyrjun 2020	277.333	373.591	650.924
Kaup	37.679	0	37.679
Leiðrétt á milli flokka í skýringum	128.166	(128.166)	0
Sölur	(315.494)		(315.494)
Gangvirðisbreytingar	112.804		112.804
Gengisbreyting	(69.561)	(19.202)	(88.763)
Staða í ársbyrjun 2021	170.927	226.223	397.150
Kaup	1.135.936	128.764	1.264.700
Gangvirðisbreytingar	6.404		6.404
Gengisbreyting	2.499	21.350	23.849
Staða í árslok 2021	<u>1.315.766</u>	<u>376.337</u>	<u>1.692.103</u>

Skýringar

18. Vörubirgðir

	31.12.2021	31.12.2020
Afurðir	11.740.296	17.060.988
Umbúðir	986.960	422.602
Rekstrarvörur	1.252.821	746.514
Veiðarfæri	4.294.250	3.298.219
Hráefni	929.930	474.729
Fullunnar vörur	660.295	323.177
Óinnleystur hagnaður í birgðum	(227.848)	(513.196)
	<u>19.636.704</u>	<u>21.813.033</u>

Við gerð samstæðureiknings var uppsafnaður hagnaður að fjárhæð 227 þúsund evrur bakfærður og færður til lækkunar afkomu ársins 2021 (2020 : 513 þúsund evrur).

19. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	17.767.311	99,98%	17.767.426
Eigin hlutir í árslok	3.844	0,02%	3.844
	<u>17.771.155</u>	<u>100,0%</u>	<u>17.771.270</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 17.771.155 evrur eins og kveðið er á um í samþykktum og er nafnverð hvers hlutar ein evra. Hver evra nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eigið fé greinist þannig:

	Hlutfé	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2020	17.767.311	23.890.822	26.404.936	68.063.072
Þýðingarmunur		(1.530.158)		(1.530.158)
Greiddur arður			(5.000.000)	(5.000.000)
Hagnaður ársins			5.064.653	5.064.653
Bundið eigið fé vegna hlutdeildar		1.070.125	(1.070.125)	0
Áhrif dótturfélaga			57.066	57.066
Eigið fé 1.1.2021	17.767.311	23.430.789	25.456.529	66.654.629
Þýðingarmunur		2.096.765		2.096.765
Greiddur arður			(5.000.000)	(5.000.000)
Hagnaður ársins			14.504.220	14.504.220
Bundið eigið fé vegna hlutdeildar		3.539.627	(3.539.627)	0
Eigið fé 31.12.2021	<u>17.767.311</u>	<u>29.067.181</u>	<u>31.421.122</u>	<u>78.255.610</u>

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Hlutdeildar-reikningur	Yfirverðs-reikningur	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Samtals annað bundið eigið fé
Eigið fé 1.1.2020	11.076.014	6.713.951	4.442.789	1.658.068	23.890.822
Þýðingarmunur				(1.530.158)	(1.530.158)
Bundið eigið fé v. hlutdeildar	<u>1.070.125</u>				<u>1.070.125</u>
Eigið fé 1.1.2021	12.146.139	6.713.951	4.442.789	127.910	23.430.789
Þýðingarmunur				2.096.765	2.096.765
Bundið eigið fé v. hlutdeildar	<u>3.539.627</u>				<u>3.539.627</u>
Eigið fé 31.12.2021	<u>15.685.766</u>	<u>6.713.951</u>	<u>4.442.789</u>	<u>2.224.675</u>	<u>29.067.181</u>

Bundinn sjóður er tilkominn vegna hlutdeildartekna umfram móttæknar arðgreiðslur í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Skýringar

20. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2021	31.12.2020
Skuldir í EUR	97.759.178	72.237.635
Skuldir í USD	47.481.020	32.331.105
	145.240.198	104.568.740
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(7.469.746)	(7.253.841)
Langtímaskuldir í árslok	137.770.453	97.314.899

Lántökukostnaður er færður til gjalda línulega með aðferð virkra vaxta yfir lánstímann.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2021	31.12.2020
Næsta árs afborganir	7.469.746	7.253.841
Afborganir 2023	7.745.283	7.318.955
Afborganir 2024	7.363.338	7.322.955
Afborganir 2025	7.161.950	6.800.122
Afborganir 2026	6.840.667	6.738.652
Afborganir 2027	6.956.595	6.738.622
Afborganir síðar	101.702.619	62.395.593
	145.240.198	104.568.740

Næsta árs afborganir langtímaskulda eru settar fram miðað við líklegasta afborgunarferli lánanna. Afborgunarferli er sýnt lengri en líftími lánanna. Lánasamningarnir kveða á um eingreiðslu í lok lánstímans en það er sameiginlegur skilningur félagsins og lánveitenda að lánin verði framlengd fyrir þær lokagreiðslur.

21. Tekjuskattsskuldbinding

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	19.262.043	19.125.593
Keypt dótturfélag á árinu - Huginn	7.645.699	0
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	4.004.758	1.155.285
Tekjuskattur til greiðslu á komandi ári	(3.994.967)	(801.990)
Aðrir liðir	(313.647)	(216.845)
Staða í árslok	26.603.886	19.262.043

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2021	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.852.634	5.211.785
Óefnislegar eignir	22.039.648	14.279.529
Veltufjáreignir	159.820	(43.396)
Frestaður gengismunur	(307.095)	41.022
Aðrir liðir	(141.121)	(226.897)
	26.603.886	19.262.043

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnad af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2021:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Langa ehf., hlutdeildarfélag	34.972	281.347	646.289	29.691
Rannsóknarþj.Vestmanneyjum. ehf., hlutdeildarfélag	104.670	0	0	15.766
Idunn Seafood. ehf., dótturfélag hlutdeildarfélags	992	251.199	269.961	3.265
Lifrarsamlag Vestmannaeyja ehf., hlutdeildarfélag	0	0	81.434	0
Kvika ehf.	0	0	1.934	110
Krafa á stjórnendur dótturfélaga	0	0	90.965	0
	<u>140.634</u>	<u>532.546</u>	<u>1.090.583</u>	<u>48.832</u>

Kröfur á tengda aðila færðir á meðal fastafjármuna	314.006
Kröfur á tengda aðila færðir á meðal veltufjármuna	776.577
	<u>1.090.583</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2020:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Huginn ehf., hlutdeildarfélag	1.837.329	2.264.138	33.162	0
Langa ehf., hlutdeildarfélag	19.215	614.859	314.802	29
Rannsóknarþj.Vestmanneyjum. ehf., hlutdeildarfélag	79.003	0	0	5.357
Idunn Seafood. ehf., dótturfélag hlutdeildarfélags	0	128.244	316.843	0
Lifrarsamlag Vestmannaeyja ehf., hlutdeildarfélag	0	0	77.000	0
Krafa á stjórnendur dótturfélaga	0	0	431.407	0
	<u>1.935.547</u>	<u>3.007.241</u>	<u>1.173.214</u>	<u>5.386</u>

Kröfur á tengda aðila færðir á meðal fastafjármuna	431.407
Kröfur á tengda aðila færðir á meðal veltufjármuna	741.807
	<u>1.173.214</u>

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

23. Sameiningar féлага

Þann 20. janúar 2020 samþykktu stjórnir Vinnslustöðvarinnar hf. og Útgerðarfélagins Glófaxa ehf. samruna félaganna. Samruninn miðast við 1. janúar 2020 og var Vinnslustöðin yfirtökufélagið.

Allar eignir og skuldir Útgerðarfélagins Glófaxa ehf. sem var í 100% eigu Vinnslustöðvarinnar hf. í árslok 2019 renna inn í Vinnslustöðina hf. á þeim verðum sem eignir og skuldir eru bókfærðar á, að teknu tilliti til þess endurmats sem leiðir af samrunanum.

Stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2020

	Vinnslustöðin hf.	Útgerðarfélagið Glófaxi ehf.	Samruna- færslur	Sameinað félag
Eignir				
Fastafjármunir				
Fiskveiðiheimildir	72.364.343	1.195.489	16.706.582	90.266.414
Eignarhlutir í dótturfélögum	28.424.449	0	(15.620.168)	12.804.281
Aðrir fastafjármunir	81.873.878	141.937	0	82.015.815
	<u>182.662.670</u>	<u>1.337.426</u>	<u>1.086.414</u>	<u>185.086.510</u>
Veltufjármunir				
Kröfur á tengd félög	7.506.564	3.183.409	(3.657.656)	7.032.317
Viðskiptakröfur	5.276.773	5.505	1.477	5.283.755
Aðrir veltufjármunir	12.708.395	276.033	0	12.984.428
	<u>25.491.732</u>	<u>3.464.947</u>	<u>(3.656.179)</u>	<u>25.300.500</u>
Eignir	<u>208.154.402</u>	<u>4.802.373</u>	<u>(2.569.765)</u>	<u>210.387.010</u>
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé				
Hlutfé	17.767.311	43.085	(43.085)	17.767.311
Yfirverðsreikningur hlutfjár	6.713.951	0	0	6.713.951
Lögbundinn varasjóður	4.442.789	10.771	(10.771)	4.442.789
Þýðingarmunur	1.658.068	524	(524)	1.658.068
Bundið eigið fé	11.076.014	0	0	11.076.014
Óráðstafað eigið fé	26.462.004	2.200.523	(2.200.523)	26.462.004
Eigið fé	<u>68.120.137</u>	<u>2.254.903</u>	<u>(2.254.903)</u>	<u>68.120.137</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Skuldir við lánastofnanir	99.940.829	1.487.974	0	101.428.803
Tekjuskattskuldbinding	14.863.921	269.391	3.341.316	18.474.628
Aðrar langtímaskuldir	1.661.427	0	0	1.661.427
	<u>116.466.177</u>	<u>1.757.365</u>	<u>3.341.316</u>	<u>121.564.858</u>
Skammtímaskuldir				
Skuldir við tengd félög	3.250.755	494.750	(3.656.178)	89.327
Aðrar skammtímaskuldir	20.317.333	295.355	0	20.612.688
	<u>23.568.088</u>	<u>790.105</u>	<u>(3.656.178)</u>	<u>20.702.015</u>
Eigið fé og skuldir	<u>208.154.402</u>	<u>4.802.373</u>	<u>(2.569.765)</u>	<u>210.387.010</u>

24. Fjárhagsleg áhættustýring

Félagið stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Félaginu ber að fylgja reglum lánastofnana um lágmarks eiginfjárstöðu og skal hún vera að lágmarki 24 milljón evrur.

Stjórnendur samstæðunar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerna.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir samstæðunnar eru breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Samstæðan gerir ársreikning sinn í evrum. Hluti af fjáreignum og fjárskuldum samstæðunnar eru í öðrum gjaldmiðlum, og ber félagið áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart evru. Samstæðan reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjárskulda í helstu viðskiptamiðlum. Áhættunni er mætt með því að láta myntsamsetningu langtímalána endurspeglu tekjumyntsamsetningu samstæðunnar að mestu leyti. Tekjur samstæðunnar eru að mestu í erlendum myntum en kostnaður að stóru leyti í íslenskum krónum. Fylgst er náið með gengishreyfingum erlendra mynta gagnvart íslenskum krónum og vandað til tímasetninga á sölu gjaldeyris fyrir íslenskar krónur. Ekki hafa verið gerðir framvirkir samningar um sölu gjaldeyris hjá samstæðunni.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunar. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

31. desember 2021:	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
USD	0,8833	10.766.478	48.017.416	(37.250.938)
ISK	0,0068	7.062.652	41.034.460	(33.971.808)
		17.829.130	89.051.876	(71.222.746)

31. desember 2020:	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
USD	0,8149	13.403.871	30.448.669	(17.044.798)
ISK	0,0064	3.839.376	25.758.872	(21.919.496)
		17.243.247	56.207.541	(38.964.294)

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi evru gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerna í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi evru gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé:	31.12.2021		31.12.2020	
	5%	10%	5%	10%
USD	1.862.547	3.725.094	852.240	1.704.480
ISK	1.698.590	3.397.181	1.095.975	2.191.950
	3.561.137	7.122.275	1.948.215	3.896.429

24. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðstreymi fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem að langtímaskuldir félagsins bera fasta og breytilega vexti. Áhættunni er stjórnað með eftirliti með vaxtabróun og viðeigandi blöndu af lánum með föstum og breytilegum vöxtum. Félagið hefur mætt vaxtaáhættu með tvennum hætti. Með því að láta myntsamsetningu lána og þar með samsetningu vaxta endurspegla tekjusatsetningu félagsins að hluta til. Hins vegar hafa verið gerðir vaxtaskiptasamningar þar sem hluta breytilegra vaxta hefur verið skipt yfir í fasta vexti.

Af vaxtaberandi skuldum samstæðunnar bera 115,3 milljónir evrur breytilega vexti (31. desember 2020: 91,8 milljónir evra) og 27,7 milljónir evrur fasta vexti (31. desember 2020: 31,6 milljónir evra). Skuldabréfaeign og langtímakröfur á tengda aðila að fjárhæð 314 þúsund evrur (31. desember 2020: 423 þúsund evra) bera breytilega vexti.

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa. Neikvæð fjárhæð merkir lækkun á hagnaði og eigin fé.

	31.12.2021		31.12.2020	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(575.055)	(1.150.110)	(456.810)	(913.621)

Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að það tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu og hefur sett útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti viðskiptavina til að lágmarka lánsáhættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulegar til að endurspegla breyttar aðstæður mótaðila. Samstæðan hefur sett strangar reglur um tryggingar viðskiptakrafna félagsins með greiðslufallstryggingum ásamt því að náði er fylgst með gjaldföllnum kröfum og brugðist við með innheimtuaðgerðum.

Hámarksútlánaáhætta er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2021	31.12.2020
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	314.006	431.407
Kröfur á tengd félög	776.577	741.807
Viðskiptakröfur	18.038.215	8.861.751
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna)	1.834.706	1.089.132
Handbært fé	<u>15.564.712</u>	<u>3.632.975</u>
	<u>36.528.217</u>	<u>14.757.072</u>

Við mat á niðurfærsluþörf fjárfrafna er tekið tillit til greiðslusögu og annarra tiltækra upplýsinga um greiðsluhæfi skuldara og samningsbundinna veðtrygginga fyrir viðkomandi kröfum.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að samstæðan geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið. Gerðar eru áætlanir um lausafjárstöðu til næstu mánaða og ára og hún skipulögð í takt við áætlunina. Rekstur samstæðunnar er mjög sveiflukenndur í takt við vertíðir innan ársins og notast félagið við skammtíma lánalínur til að mæta útgjöldum þegar lausafé er ekki nægjanlegt á þeim tímum sem fjárbinding er í hámarki.

Skýringar

25. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Í febrúar 2022 keypti VSV Germany GmbH, dótturfélag Vinnslustöðvarinnar, 100% hlutfjár í fiskvinnslu og sölufyrirtæki í Þýskalandi að nafni Rheinland. Kaupin munu styrkja félagið og auka möguleika á fjölbreytni í sölu á afurðum á því markaðssvæði.

Yfirstandandi innrás Rússa í Úkraínu mun hafa áhrif inn í rekstur samstæðu Vinnslustöðvarinnar. Hluti uppsjávarafurða félagsins er seldur til Úkraínu og annarra nágrennalanda Rússlands. Undanfarin ár hafa um 3% afurða félagsins verið seld til Úkraínu. Ekki er ljóst enn hver áhrifin verða en gera má ráð fyrir að hægjast muni á sölu að þessu leyti og leita þurfi jafnvel inn á aðra markaði með uppsjávarafurðir. Einnig gæti orðið röskun á aðfangakeðju félagsins til reksturs vegna viðskiptabanns Rússlands. Félagið á engar útstandandi kröfur í rússneskumælandi löndum.

26. Ábyrgðir, veðsetningar og önnur mál

Félagið hefur veðsett skip, aflaheimildir, fasteignir og birgðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nam bókfært veð veðsettra eigna 180,9 milljónum evra og eftirstöðvar áhvílandi lána námu 138,7 milljónum evra. Áhvílandi á veðsettum eignum félagsins í árslok voru tryggingarbréf að fjárhæð 229,4 milljón evra.

26. Önnur mál

Félagið hefur farið fram á skaðabætur frá íslenska ríkinu vegna ólögðætrar úthlutunar á aflaheimildum í makríl á árunum 2011-2014. Málflutningur hefur ekki farið fram en Hæstiréttur Íslands hefur dæmt íslenska ríkið skaðabótaskyldt gagnvart tveimur útgerðum í sambærilegum málum. Aflahlutdeild félagsins í makríl er í dag 9,18% en ætti að vera að lágmarki 10,03% samkvæmt útreikningum félagsins hefði úthlutun verið samkvæmt gildandi lögum við úthlutunina. Dómkvaddir hafa verið matsmenn og eru þeir að störfum.

27. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega með aðferð virkra vaxta yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

27. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við sameiningar félaga eða kaup á rekstri er mismunur á kaupverði og gangvirði hreinna eigna. Viðskiptavild er afskrifuð línulega á 10 árum.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru þær prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar að minnsta kosti árlega.

Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbinding um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið til að unnt sé að ákvarða upphæð virðisrýrnunar (ef einhver er).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð eða afskrifað kostnaðarverð sé um eign með takmarkaðan líftíma að ræða. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir; hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Til hlutdeildarfélaga teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitit hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yfirráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

27. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði. Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýmnunar. Veiðarfæri eru metin sem helmingur nývirðis. Birgðabreyting afurða móðurfélagsins er færð meðal rekstrarrekna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar á langtímaskuldum og færður til gjalda með reglubundnum hætti á lánstímanum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Viðauki I - Stjórnarháttayfirlýsing Vinnslustöðvarinnar hf.

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár og er birt á heimasíðu félagsins. Eftirfarandi stjórnarháttayfirlýsing á við um starfsemi ársins 2021 og er birt samhliða ársreikningi fyrir það ár.

Stjórnarháttayfirlýsing 2021

Stjórn og stjórnendur Vinnslustöðvarinnar hf. leggja áherslu á að viðhafa góða stjórnarhætti svo að tryggt sé að starf stjórnar og starfsemi félagsins í heild uppfylli þau viðmið sem gilda um góða stjórnarhætti.

Lög og reglur

Vinnslustöðin hf. er hlutafélag og um stjórnarhætti þess gilda lög nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar.

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti er félagið að gangast undir að fylgja *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, með það m.a. að markmiði að styrkja innviði Vinnslustöðvarinnar og auka gagnsæi. Stjórnarháttayfirlýsing Vinnslustöðvarinnar verður aðgengileg á heimasíðu félagsins www.vsv.is.

Í öllum megindráttum álitur Vinnslustöðin sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti en eftirfylgni við leiðbeiningarnar eru í stöðugri endurskoðun og á félagið m.a. eftir að skipa tilnefningarnefnd og starfskjaranefnd. Stjórn metur árlega hvaða hæfni stjórnarmenn þurfa að búa yfir til að sinna málefnum félagsins og að auki hvernig samsetning og fjölbreytni stjórnarinnar er háttað.

Lög um hlutafélög má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is.

Jafnlaunastefna

Stefna Vinnslustöðvarinnar er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Í því skyni hefur fyrirtækið sett jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun til að fylgja því markmiði eftir. Vinnslustöðin fékk jafnlaunavottun í byrjun árs 2020.

Persónuverndarstefna

Vinnslustöðin leggur ríka áherslu á vernd og öryggi persónuupplýsinga í starfsemi sinni. Vinnsla persónuupplýsinga hjá fyrirtækinu er ávallt í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu fyrirtækisins.

Öryggis- og vinnuverndarstefna Vinnslustöðvarinnar

Meginmarkmið öryggis- og vinnuverndarstefnu Vinnslustöðvarinnar er að tryggja eftir bestu getu öryggi og heilsu starfsmanna með sífelldum umbótum í öryggismálum í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Öflugar forvarnir og jákvætt viðhorf til öryggismála er lykillinn að ná árangri.

Stefna og viðbragðsáætlun Vinnslustöðvarinnar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi

Hjá Vinnslustöðinni er lögð áhersla á góðan starfsanda, þar sem ríkir traust, trúnaður, jafnræði og hreinskilni milli allra starfsmanna. Starfsmönnum ber að temja sér kurteisi og háttvísi í framkomu og sýna hver öðrum tilhlýðilega virðingu og jákvætt viðmót. Stefna Vinnslustöðvarinnar og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi er sett á grundvelli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Reglur um verklag við uppljóstrun

Til að ná markmiðum laga um vernd uppljóstrara hefur fyrirtækið sett sér verklagsreglur þar sem fram kemur að starfsmönnum verði heimilað að greina frá upplýsingum eða miðla gögnum í góðri trú um brot á lögum eða um aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitanda síns til aðila sem stuðlað geta að því að látið verði af eða brugðist við hinni ólögmætu eða ámælisverðu háttsemi.

Aðgerðaráætlun til að sporna við ofbeldi

Vinnslustöðin leggur áherslu á velferð og öryggi starfsmanna sinna. Tilgangur með aðgerðaráætlun fyrirtækisins til að sporna við ofbeldi er að hvetja og styðja þá sem eru þolendur heimilisofbeldis til að leita sér hjálpar. Ofbeldi hefur ekki aðeins varanlegar afleiðingar fyrir þolendur og fjölskyldur þeirra, heldur allt samfélagið.

Umhverfisstefna

Verndun umhverfis og lífríkis er hagsmunamál allra. Vinnslustöðin hefur það að markmiði að starfa í sem bestri sátt við umhverfi sitt, stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og bættri umgengni um auðlindina. Í því skyni hefur fyrirtækið skýra stefnu í umhverfismálum.

Sjálfbærnistefna

Stefna Vinnslustöðvarinnar um sjálfbærni er að fara eftir viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál og taka þátt í sjálfbærri þróun íslensk sjávarútvegs. Þannig tekur félagið þátt í samstarfi um ábyrga viðskiptahætti, stuðlar að sjálfbærri þróun íslensks efnahagslífs og styður við aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum. Grundvöllur ábyrgra veiða við Ísland er fiskveiðistjórnunarkerfið og lög um stjórn fiskveiða. Fjárfesting í nýsköpun og hátæknibúnaði gefur mikilvæg tækifæri til að huga að sjálfbærni í rekstri félagsins og hefur Vinnslustöðin tekið þátt í þeirri þróun m.a. með byggingu nýs togara þar sem olíusparnaður var í forgrunni við hönnun skipsins. Vinnslustöðin hefur líkt og íslenskur sjávarútvegur í heild sinni tekið ábyrg skref í umhverfismálum m.a. með markvissri minnkun á notkun svartolíu.

Innra eftirlit og áhættustýring

Ársreikningur sæmstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er gerður í evrum, sem er starfrækslumynt samstæðunnar. Stjórnendur fyrirtækisins fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri þar sem leitast er við að hafa verkferla og eftirlit með áhættuþáttum í rekstri. Mánaðarleg uppgjör og áætlanir gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstri félagsins sem stjórnendur yfirfara reglulega og kynna fyrir stjórn. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Helstu áhættur sem fylgja fjármálum samstæðunnar eru gjaldmiðlaáhætta, vaxtaáhætta, útlánaáhætta og lausafjáráhætta sem ítarlega er yfirfarið í skýringum með ársreikningi.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

Æðsta vald Vinnslustöðvarinnar er í höndum lögmætra aðalfunda. Aðalfundur félagsins kýs fimm menn í stjórn félagsins og þrjá varamenn til eins árs í senn. Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutfall stjórnar sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Til að takmarka rekstrar- og orðsporsáhættu félagsins skal við stjórnarkjör einnig hugað að fjölbreytileika við samsetningu hennar m.t.t. menntunar, starfsreynslu, aldurs og orðspors.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja stjórnarfundi og ritar fjármálastjóri fundargerðir stjórnarfunda. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár liggur fyrir að aðalfundi loknum. Fundarboð vegna stjórnarfunda er sent á stjórn félagsins með tölvupósti með hæfilegum fyrirvara fyrir hvern fund. Stjórnarformaður stýrir fundum. Fundargerðir eru samþykktar af stjórn og framkvæmdastjóra.

Í samræmi við samþykktir félagsins fara hluthafafundir með æðsta vald í öllum málefnum félagsins með takmörkunum þeim sem landslög og samþykktir félagsins setja. Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og annast framkvæmdastjóri daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu og fyrirsmæli stjórnar.

Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og framkvæmdastjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi 21. nóvember 2019 og endurskoðaðar á árinu 2021. Þar er m.a. að finna reglur um skiptingu starfa innan stjórnar, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarsköp og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra.

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal það gert eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Starfandi endurskoðunarnefnd var skipuð á stjórnarfundi 19. apríl 2021 og starfar eftir starfsreglum sínum. Nefndin hefur eftirlit með gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits og áhættustýringar auk þess að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings félagsins. Hún er í samskiptum við stjórnendur og endurskoðendur félagsins.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins. Formaður stjórnar er málsvari hennar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema hún ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt framkvæmdastjóra, í samræmi við það sem almennt tíðkast og eftir aðstæðum hverju sinni.

Í framkvæmdaráði fyrirtækisins sitja framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og sviðsstjórar botnfiskssviðs, uppsjávarsviðs og mannaúðssviðs ásamt rekstrarstjóra VSV Seafood Iceland ehf. og framkvæmdastjóra Hafnareyrar ehf.

Árangursmat stjórnar

Stefna Vinnslustöðvarinnar er að vera öflugt og arðsamt sjávarútvegsfyrirtæki sem einbeitir sér að öflun, framleiðslu og sölu sjávarafurða. Vinnslustöðin leitast við að sinna þeim skyldum sem félagið hefur að gegna gagnvart hluthöfum með arðsömum rekstri og gagnvart starfsmönnum með því að greiða samkeppnishæf laun og veita þeim starfsöryggi. Þannig gegnir fyrirtækið samfélagslegum skyldum sínum. Félagið leggur ríka áherslu á ábyrgar fiskveiðar og góða umgengni um auðlindir sjávar.

Stjórnin metur árlega störf sín, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda sem eiga setu í framkvæmdaráði fyrirtækisins. Skoðað er hvort unnið er í samræmi við starfsreglur, hver mæting stjórnarmanna er á fundi og hvernig þátttaka þeirra er á fundum. Opin umræða er innan stjórnar um hvernig megi vinna að stöðugum umbótum er ennfremur mikilvægur hluti af sjálfsmati stjórnar. Þá metur stjórnin þróun félagsins og gætir að því að hún sé í samræmi við markmið þess.

Skipan stjórnar Vinnslustöðvarinnar 2021-2022

Aðalmenn

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 1963, stjórnarformaður Vinnslustöðvarinnar frá 2010 og kom það ár fyrst í stjórn félagsins. Guðmundur hefur verið framkvæmdastjóri CAE Icelandair flight training frá árinu 2015. Áður gegndi Guðmundur stöðu forstjóra VÍS frá árinu 2008-2011. Hann starfaði þar áður hjá Tryggingamiðstöðunni fyrst sem forritari, síðar deildarstjóra og að lokum gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar á árunum 1984-2007. Einnig starfaði Guðmundur sem stundakennari við Menntaskólann við Sund á árunum 1984-1985. Guðmundur er óháður Vinnslustöðinni þar sem hvorki hann né tengdir aðilar eiga hlut í félaginu og hefur Guðmundur auk þess engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkennisaðila félagsins.

Einar Þór Sverrisson, fæddur 1973, varaformaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2011 og kom það ár fyrst í stjórn félagsins. Einar Þór er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og hefur talsverða reynslu í vinnu alhliða lögfræðistarfa fyrir atvinnulífið og setu í stjórnnum fyrirtækja. Einar Þór er óháður Vinnslustöðinni þar sem hvorki hann né tengdir aðilar eiga hlut í félaginu og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaáðila félagsins. Einar Þór situr í stjórn Eskju hf. og félaga tengdri Eskju hf.

Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir, fædd 1956, kom í stjórn Vinnslustöðvarinnar sem varamaður árið 2014 og hefur verið aðalmaður í stjórn frá árinu 2019. Guðmunda er með verslunarskólapróf og menntaður leikskólakennari. Hún hefur rekið eigið fyrirtæki í sjávarútvegi frá árinu 1974 og er í dag fjármálastjóri Narfa ehf. Meðfram rekstri starfaði hún sem leik- og grunnskólakennari á árunum 1978-2000. Guðmunda á 1,74% hlut í Vinnslustöðinni í gegnum hlutafélögin Gymi ehf. og Narfa ehf. Að öðru leyti hefur Guðmunda engin hagsmunatengsl við félagið.

Rut Haraldsdóttir, fædd 1964, hefur verið aðalmaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2013. Rut er með BS gráðu í viðskiptafræði og hefur gegnt stöðu fjármálastjóra ýmissa fyrirtækja og stofnana. Rut er eigandi 0,0064% hlut í félaginu og hafði hagsmunatengsl við Huginn ehf., dótturfélag Vinnslustöðvarinnar fyrir kaup félagsins á öllu hlutfélagi Hugins.

Sigurjón Rúnar Rafnsson, fæddur 1965, hefur verið aðalmaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2019. Sigurjón er með búfræði og viðskiptafræðimenntun og starfar sem aðstoðarkaupfélagsstjóri hjá Kaupfélagi Skagfirðinga svf. sem er óbeint eigandi að 32,88% hlut í Vinnslustöðinni. Sigurjón hefur gegnt ýmsum störfum tengdum rekstri fyrirtækja og hefur reynslu af stjórnarsetu.

Varamenn

Eyjólfur Guðjónsson, fæddur 1960, hefur verið varamaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2011. Eyjólfur er skipstjóri á Ísleifi VE 63. Eyjólfur á 1,56% hlut í Vinnslustöðinni og er eigandi og stjórnarmaður í Ufsaberg ehf. sem á 0,12% hlut í félaginu.

Herdís Ásu Sæmundardóttir, fædd árið 1954, hefur verið varamaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2019. Herdís er með MA gráðu í opinberri stjórnsýslu og er sviðsstjóri fjölskyldusviðs sveitarfélagsins Skagafjarðar. Herdís er stjórnarmaður í Kaupfélagi Skagfirðinga svf og Fisk-Seafood ehf. sem er óbeint eigandi að 32,88% hlut í Vinnslustöðinni.

Sigurhanna Friðþórsdóttir, fædd árið 1972, hefur verið varamaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2019. Sigurhanna er menntaður grunnskólakennari og með MCM gráðu í menningarstjórnun. Sigurhanna starfar hjá Vestmannaeyjabæ og hefur setið í stjórnnum ýmissa félagasamtaka. Sigurhanna hefur engin hagsmunatengsl við hluthafa eða viðskiptaaðila félagsins.

Framkvæmdastóri

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, fæddur árið 1960, hefur verið framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar frá árinu 1999. Sigurgeir Brynjar er búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri, með BS gráðu í viðskiptafræði og mastersgráðu í fjármálum og fjárfestingum. Sigurgeir Brynjar starfaði sem sérfræðingur hjá Íslandsbanka áður en hann tók við sem framkvæmdastjóri og fjármálastjóri Vinnslustöðvarinnar. Sigurgeir Brynjar á 0,08% eignarhlut beint í félaginu og 8,5% í gegnum félög.

Gildi Vinnslustöðvarinnar

Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum eru að hafa virðingu, sjálfbærni og sanngirni að leiðarljósi í starfsemi sinni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Það gerist meðal annars með því að

- umgangast og nýta auðlindir hafsins með virðingu og skynsamlegri sókn.
- stjórna ferli veiða, vinnslu og markaðsmála allt til neytandans þannig að saman fari kröfur um gæði, ábyrgð og afrakstur í starfseminni.
- stuðla að sjálfbærni auðlinda og samfélags, styrkja innviði byggðarlags síns og velferð þjóðarinnar allrar.
- leitast við að láta gagnkvæma sanngirni ríkja í samskiptum, jafnt inn á við sem út á við.
- stuðla að arðsömum rekstri svo menn njóti ávöxtunar af vinnuframlagi sínu og skapi um leið forsendur þess að félagið fái staðið undir samfélagslegri ábyrgð sinni.
- bera virðingu fyrir neytendum sjávarfangs og leitast ætíð við að tryggja að vörumerkið VSV sé öruggt tákni um góðar og hollar afurðir.
- virða hvert annað, einnig þá sem starfa í sjávarútvegi og í þjónustu- og viðskiptagreinum sjávarútvegsins.

Stjórnarháttayfirlýsingin samþykkt á stjórnarfundum Vinnslustöðvarinnar þann 22. mars 2022

Viðauki II - Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Vinnslustöðin hf. (VSV) er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem rekur eigið sölu- og markaðsstarf og selur afurðir sínar að nær öllu leyti á erlendum mörkuðum. Það var stofnað árið 1946 og er með fjölbreytilegan rekstur, gerir út þrjú togskip, einn netabát og tvö uppsjávarskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfisksverkun, humarvinnslu og frystingu botnfisks og uppsjávarfisks. Einnig rekur félagið fiskimjölsverksmiðju. Í samstæðunni er rekstur verkstæðis og frystigeymslu, löndunarþjónusta, ísframleiðsla skipaafgreiðsla ásamt umboðssölu. Þá rekur félagið fiskvinnslu og söluþyrirtæki í Portúgal. Á árinu keypti Vinnslustöðin útgerðarfélagið Hugin ehf. að fullu en áður átti félagið 48% eignarhlut. Móðurfélag í samstæðunni er Vinnslustöðin hf. og er staðsett í Vestmannaeyjum.

Meginhlutverk VSV er að veiða, framleiða, þróa, markaðssetja og selja verðmæta gæðaafurð úr hafinu á arðsaman og ábyrgan hátt. Félagið stundar markaðs-, sölu og vöruþróunarstarf á völdum mörkuðum og selur afurðir undir eigin vörumerkjum og vörumerkjum dreifiaðila. Félagið starfrækir einnig söluskrifstofur á lykilmörkuðum sínum og er verkefni þeirra að selja afurðir VSV og miðlun sjávarfangs þar sem þess gefast tækifæri.

Vöxtur félagsins næst með því að nýta tækifæri til vaxtar á Íslandi með aukinni veiði- og vinnslugetu og á erlendum mörkuðum með samstarfi og sjálfstæðum rekstrareiningum, eða öðru því formi sem gefur félaginu tækifæri til skapa aukna arðsemi sem byggir á kjarnastarfsemi og kjarnaþekkingu fyrirtækisins.

Samfélagsábyrgð

Sjávarútvegur hefur miklu hlutverki að gegna í íslensku samfélagi og er einn af burðarstólpum þess. Vinnslustöðin hefur þar hlutverki að gegna í íslensku samfélagi sem efnahagslegt afl í litlu samfélagi og vill efla lífsgæði þess með fjárfestingum í samfélaginu og úrlausn vandamála sem steðja að því samfélagi sem VSV er hluti af. Stjórnendur og starfsfólk VSV hafa virðingu, sjálfbærni og sanngirni að leiðarljósi í starfsemi til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Í stefnuskjali félagsins er að finna eftirfarandi gildi:

- Virðing
 - Virðing virkar aðeins, sé hún sýnd í verki.
 - Eigendur, stjórnendur og starfsmenn VSV bera mikla virðingu fyrir auðæfum hafsins, fyrir fólkinu sem sækir sjóinn og vinnur úr aflanum, fyrir fólkinu sem neytir hollustu úr hafinu, fyrir gæðum afurðanna sem VSV vörumerkið tryggir og hvert fyrir öðru.
 - VSV tekur opinskáan þátt í opinberri umræðu um þróun og nýtingu auðlinda hafsins frá sjónarmiðum sjálfbærni, samfélagsins og arðsemi.
 - Hjá VSV er lögð áhersla á að gagnkvæm sanngirni ríki í samskiptum, bæði innan félagsins og út á við.

- Sjálfbærni
 - Njóta ávaxta náttúrunnar.
 - Eigendur og starfsfólk njóti ávöxtunar af sínu framlagi til fyrirtækisins.
 - Þjóðum viðskiptavinum afbragðs afurðir sem eru framleiddar undir ábyrgri nýtingu auðlinda.
 - Arðsemi sem er forsenda samfélagslegrar ábyrgðar
 - Ísland á mikil auðæfi í hafinu, trausta og heilsusamlega fæðulind sem þarf að yrkja með virðingu, til að framleiða matvæli fyrir Íslendinga og til útflutnings. Starfsmenn VSV gera sér grein fyrir mikilvægi sínu við meðhöndlun íslenskra auðlinda og afurða. Allir geta treyst því að hjá VSV eru auðlindir hafsins nýttar af virðingu og með skynsamlegri sókn og umgengni.
- Velferð
 - VSV leggur áherslu á virka þátttöku í samfélaginu með því að efla lífsgæði, styrkja hagkerfið og vinna að framþróun á innviðum samfélagsins sem hugmyndaauði við nýsköpun og úrlausn vandamála
 - VSV rækir hlutverk sitt í samfélaginu með fjárframlagi og vinnuframlagi, ásamt því að þróa vinnustaðinn í samræmi við þau lífsgæði sem Íslendingar vilja búa við
 - VSV stendur vörð um endurnýjun þeirra auðlinda sem starfsemi félagsins byggir á, með skynsamlegri sókn og með afbragðs nýtingu hráefnis frá veiðum til kaupenda
 - Hjá VSV er lögð áhersla á arðsemi rekstrarins svo fólk megi njóta ávöxtunar af vinnuframlagi sínu og skapi um leið forsendur þess að félagið fái staðið undir samfélagslegri ábyrgð sinni
 - Vörumerkið VSV á að vera öruggt tákni um góðar og hollar afurðir.

Umhverfismál

Vinnslustöðin sækir verðmætt hráefni sitt í hafið við Ísland og í norðanverðu Atlantshafinu. Það er markmið félagsins að nýting náttúruauðlinda byggji á sjálfbærni með tilliti til langtímasjónarmiða. Félagið vill stuðla að því að skipulag fiskveiða leiði til ábyrgtrar nýtingar fiskistofna eins og best þekkest í heiminum. Góður árangur íslensks sjávarútvegs frá upphafi þessarar aldar er merki þess að á Íslandi er eftirlit með ástandi fiskistofna gott og vörður er staðinn um sjálfbærni þeirra. VSV er með fisktegundir vottaðar af MSC (Marine Stewardship Council) sem er alþjóðleg vottunarstofa um sjálfbærar fisktegundir. Úttektir vottunarstofa eru gerðar a.m.k. árlega. Einnig er félagið aðili að IRF (Iceland Responsible Fisheries) varðandi vottun fiskveiða. Tilgangur vottunar IRF er að sýna fram á með gagnsæjum hætti að staðið er að fiskveiðum og fiskveiðistjórnun á Íslandi á ábyrgan og viðurkenndan hátt í samræmi við kröfur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Félagið er ásamt þessum vottunum með vottað gæðastjórnunarkerfi, HACCP.

Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á gæði afurða og ábyrga umgengni til sjós og lands. Íslenskur sjávarútvegur á sinn þátt í útblæstri á gróðurhúsalofttegundum. Kolefnisspor sjávarútvegs vegna fiskveiða er þó lítið í samanburði við aðra framleiðslu á prótíni. Það hefur verið staðfest í rannsókn sem unnin var af Matis í samstarfi við íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Sem dæmi um það er kolefnisspor íslensks þorsks án flutninga 0,9 kg Co2 ígildi/kg af vöru í samanburði við 2,2 kg norsks þorsks. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, sem Vinnslustöðin er aðili að, hefur undirritað með íslenskum stjórnvöldum samstarfsyfirlýsingu um hvata til að draga úr kolefnisspori í íslenskum sjávarútvegi. Olúnotkun í sjávarútvegi á Íslandi hefur minnkað úr 246 þúsund tonnum árið 1990 í 133 þúsund tonn árið 2017.

Nýlega byggt skip félagsins, Breki VE, ber vott um mikilvægi umhverfismála hjá félaginu þar sem olíusparnaður er með því besta sem þekkist í skipaflota Íslendinga. Félagið notar ekki svartolíu í skipaflota sínum. Fiskimjölsverksmiðja félagsins starfar með leyfi Umhverfisstofnunar og skilar skýrslu til hennar um Grænt bókhald ár hvert þar sem fram koma áhrif hennar á umhverfið. Skýrslan inniheldur meðal annars mælingar á magni mengandi efna og frárennsli frá verksmiðjunni sem mælt er með hreinsistöð sem staðsett er innan verksmiðjunnar. Markvisst hefur verið dregið úr olíunotkun verksmiðjunnar og er hún keyrð að miklu leyti með rafmagni en því miður hefur afhending á raforku til félagsins ekki verið nægjanleg undanfarið til að halda áfram á þeirri vegferð. Allt sorp félagsins er flokkað og skilað til sorpstöðvar samkvæmt ítrustu kröfum. Sorpið, sem getur verið plast, timbur, málmhlutir og lífrænn úrgangur, er sett í þar til gerða gáma og afhentir samkvæmt kröfum.

Unnið er eftir formlegri umhverfisstefnu innan félagsins sem útgefin var á árinu 2015 og endurskoðuð á árinu 2021.

Mannauður

Hjá félaginu er starfandi sérstakt lögfræði- og mannauðssvið þar sem stjórnendur veita faglega ráðgjöf og stuðning varðandi starfsmannamál, túlkun kjarasamninga og annað sem viðkemur mannauði félagsins. Gefin er út ítarleg starfsmanna- og áhafnahandbók þar sem fram koma meðal annars upplýsingar um starfsmannastefnu félagsins, réttindi starfsfólks, kjaramál, jafnrétti, öryggismál, upplýsingar um heilsustefnu og viðbrögð við einelti á vinnustað. Síðasta útgáfa starfsmannahandbókar var útgefin í byrjun árs 2021 og er hún afhent öllum nýjum starfsmönnum auk þess sem hún er aðgangileg í starfsmannarýmum félagsins. Áhersla er lögð á öryggismál til sjós og lands og er til öryggisstefna og öryggisnefnd hjá félaginu. Unnið er með tryggingafélagi félagsins að átaki til að fækka slysum á sjó og í landi, þar með talið með skráningu slysa og næstum slysa sem verða hjá félaginu. Markmiðin eru ávallt þau að læra af fyrri reynslu og fækka slysum. Félagið er með vottað jafnlaunakerfi. Meginmarkmið janflaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Launagreining var gerð af úttektaraðila á árinu 2021 þar sem launamunur hjá félaginu var innan allra vikmarka og óútskýrður launamunur ekki til staðar. Sem ábyrgðaraðili hefur Vinnslustöðin gert vinnsluskrá um vinnslu persónuupplýsinga í félaginu og undirritað vinnslusamninga við þá aðila sem vinna persónuupplýsingar fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar. Vinnsla persónuupplýsinga hjá Vinnslustöðinni er í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga. Skrifleg stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferlislegru og kynbundinni áreitni og ofbeldi er í gildi hjá félaginu sem kynnt er starfsmönnum. Í henni koma meðal annars fram upplýsingar um hvert skuli beina tilkynningum og hvernig tilkynningum er fylgt eftir. Vinnslustöðin leggur áherslu á velferð og öryggi starfsmanna sinna og hefur samþykkt aðgerðaráætlun til að sporna við ofbeldi. Tilgangur með aðgerðaráætlun fyrirtækisins er að hvetja og styðja þá sem eru þolendur heimilisofbeldis til að leita sér hjálpar. Ofbeldi hefur ekki aðeins varanlegar afleiðingar fyrir þolendur og fjölskyldur þeirra, heldur allt samfélagið.

Mannréttindi, siðferði, spilling og mútur

Félagið virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu. Félagið tekur ekki þátt í mútum á nokkurn hátt eða spillingu og hefur gefið út reglur um verklag við uppljóstrun samkvæmt lögum um vernd uppljóstrara nr. 40/2020. Félagið hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um mannréttindi, siðferði, spillingu og mútur en stefnt er að því.